

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn



Reykjavík 26. maí 2017  
UST201704-176/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 á svæði Jarðbaða í Jarðbaðshólum. Tillaga að deiliskipulagi Jarðbaða í Jarðbaðshólum í Mývatnssveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 24. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 á svæði Jarðbaða í Jarðbaðshólum og tillögu að deiliskipulagi Jarðbaða í Jarðbaðshólum í Mývatnssveit.

Umhverfisstofnun tekur undir áherslur sveitarstjórnar varðandi viðeigandi húsagerðir á svæðinu.

**Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps á svæði Jarðbaða í Jarðbaðshólum.**

**Skipulagssvæðið**

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið stendur utan 200 m verndarsvæðis Mývatns og Laxár, en er innan vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár. Áætlaðar framkvæmdir eru því ekki háðar leyfisveitingu Umhverfisstofnunar skv. 3 gr. í lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Stofnunin bendir á að 4. gr. ofangreindra laga gildir á vatnsverndarsvæðinu.

Í lýsingu kemur fram að lóð Jarðbaðanna er 10 ha að stærð, og á mynd 4 kemur fram að nýjar framkvæmdir verða fyrir sunnan núverandi jarðböð. Í lýsingu segir að fyrirhugað sé að allar eldri byggingar víki fyrir nýjum byggingum.

**Fráveita**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gerð sé skýr grein fyrir förgun affallsvatns og skólps, og að hvoru tveggja sé þannig úr garði gert að ekki hljótist mengun frá affalli né skólpi. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár sem vísar til reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 skal hreinsa skólp frá atvinnustarfseminni, með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að skýrt komi fram hvernig hreinsun skólps er ætluð með þriðja þrepinu. Einnig bendir stofnunin á að fram þurfa að koma upplýsingar um meðhöndlun

grávatns, og ítarlegar upplýsingar þurfa að vera í skipulagsáætluninni um meðhöndlun affallsvatns frá lóninu og hvernig koma eigi í veg fyrir að grunnvatn mengist af affallsvatni. Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi fyrir fráveitu þarf að sækja um hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

### **Tillaga að deiliskipulagi Jarðbaða í Jarðbaðshólum í Mývatnssveit**

Í lýsingu kemur fram að í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingarmagni alls 10.550 m<sup>2</sup> en í nýrri tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir 8.800 m<sup>2</sup> auk starfsmannahúss, en áætluð stærð þess kemur ekki fram. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir þörf fyrir framkvæmdirnar s.s. hótelrymi og að þær séu skýrt áætlaðar. Einnig er mikilvægt að gerð sé grein fyrir ásýnd framkvæmdanna og sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að einnig þarf að gera grein fyrir starfsmannaáðstöðu á meðan á framkvæmdum stendur og fráveitu frá áðstöðunni.

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að stækka sjálft baðlónið. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram rökstuðningur fyrir stækkuninni í áætlaðri skipulagsáætlun.


### **Bílastæði**


Á skýringarmynd nr. 6 kemur fram áætluð staðsetning bílastæða. Þar sem rútur og bílar í glampandi litum hafa neikvæð sjónræn áhrif, bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að huga að því hvernig lágmarka megi sjónræn áhrif frá þeim. Einnig telur stofnun mikilvægt að fram komi fjöldi áætlaðra bílastæða og stærð svæðisins sem fer undir þau.

### **Umhverfismat**

Umhverfisstofnun tekur undir þær matsspurningar er fram koma á bls. 11 í lýsingu, en Umhverfisstofnun bendir á að einnig þurfi að skoða hvort áætlaðar framkvæmdir hafi áhrif á gróður o. fl. náttúruminjar, auk jarðmyndana. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta jarðmyndanir s.s. nútímahraun og hraun- og gosmyndanir sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri